ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Fimmtudagur 16. apríl 1998 • 15. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Tuttugu og fjórir ungir körfuknattleiksmenn úr KFÍ héldu fyrir páska í keppnisferð til Óðinsvéa í Danmörku þar sem þeir tóku þátt í Codan-Cup mótinu, sem er alþjóðlegt mót ungra körfuknattleiksmanna. Að sögn Guðjóns Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra KFÍ, gekk piltunum vel á mótinu, sérstaklega þeim yngri, sem komust í úrslit í sínum aldursflokki. Sagði Guðjón ferðina hafa verið sérstaklega ánægjulega og það sem mest um væri að þessir framtíðarleikmenn KFÍ hefðu öðlast mikla reynslu með þátttöku í keppninni. Meðfylgjandi mynd var tekin af körfuknattleikspiltunum er þeir komu til Ísafjarðar á þriðjudag.

Borgarafundur um forvarnir á Ísafirði

Forsetafrúin, Guðrún Katrín flytur ávarp

Borgarafundur um forvarnir í Bolungarvík, Ísafjarðarbæ og í Súðavíkurhreppi verður haldinn í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði laugardaginn 18. apríl kl. 13. Fundurinn sem haldinn er undir kjörorðinu „Við getum betur", er haldinn á vegum Vá Vest, áætlunarinnar Ísland án eiturlyfja og landssamtakanna Heimili og skóli.

Á fundinum mun Guðrún Katrín Þorbergsdóttir, forsetafrú, flytja ávarp en auk hennar munu þeir Ágúst Kr. Björnsson sveitarstjóri í Súðavík og Ólafur Helgi Kjartansson lögreglustjóri á Ísafirði, flytja erindi. Fundarstjóri verður Einar K. Guðfinnsson alþingismaður. Aðalfyrirlesari á fundinum verður dr. Þórólfur Þórlindsson prófessor og mun hann fjalla um niðurstöðu úr könnun Rannsóknarstofnunar uppeldis- og menntamála „Ung ´97" sem lögð var fyrir nemendur í 9. og 10. bekk í öllum grunnskólum landsins í mars á síðasta ári. Þá verður kynnt samstarfsverkefni sem sveitarfélögin þrjú á norðanverðum Vestfjörðum hafa unnið að í samvinnu við forvarnadeild SÁÁ.

Meðan á borgarafundinum stendur verður opin málstofa fyrir nemendur í 8. 9. og 10. bekkjum grunnskólanna í sveitafélögunum þremur, en málstofan er einnig opin nemendum Framhaldsskóla Vestfjarða sem og öðru ungu fólki sem ekki er í námi. Umsjónarmenn málstofunnar verða þau Þorgrímur Þráinsson, framkvæmdastjóri Tóbaksvarnarnefndar og Elín Jóhannsdóttir, ritstjóri unglingablaðsins Smells, en hún mun taka viðtöl við ungt fólk í tengslum við fundinn.

Auk þess mun Dögg Pálsdóttir, formaður verkefnisstjórnar Íslands án eiturlyfja flytja stutt erindi, sem og Einar Gylfi Jónsson, deildarstjóri forvarnadeildar SÁÁ.

Tónlistarflutningur verður á milli atriða og verður hann í höndum yngri kynslóðarinnar s.s. úr Lúðrasveit Bolungarvíkur. Þá mun barnakór Tónlistarskóla Ísafjarðar flytja nokkur lög undir stjórn Margrétar Geirsdóttur.

Undir lok fundarins verður fundargestum boðið að leggja fram fyrirspurnir til þeirra sem flytja ávörp og erindi og tjá sig um forvarnir á svæðinu.

Suðureyri

Steindir gluggar í kór Suðureyrarkirkju



Glerlistaverkin fjögur sem vígð voru í Suðureyrarkirkju á páskadag. Verkin sem eru eftir Benedikt Gunnarsson, listmálara, eru gjöf frá börnum hjónanna Kristeyjar Hallbjörnsdóttur og Sturlu Jónssonar.

Við hátíðarguðsþjónustu á páskadag voru vígð fjögur glerlistaverk í kórgluggum Suðureyrarkirkju. Gefendur verkanna eru börn hjónanna Kristeyjar Hallbjörnsdóttur og Sturlu Jónssonar hreppsstjóra, en þau hjón settu mikinn svip á mannlíf og menningu við Súgandafjörð um langt skeið og höfðu forystu um mörg þau mál er til framfara gátu talist.

Voru verkin gefin í tilefni 60 ára vígsluafmælis Suðureyrarkirkju sem var á síðasta ári. Þrjú systkinanna voru viðstödd athöfnina sem var hin hátíðlegasta. Fylgdi höfundur listaverkanna, Benedikt Gunnarsson listmálari, þeim úr hlaði við guðsþjónustuna og greindi frá listrænu og trúarlegu táknrófi þeirra og tjáningu.

Benedikt Gunnarsson, sem er ættaður frá Súgandafirði, hefur meðal annars sérhæft sig á sviði kirkjulistar og á þekkt verk í mörgum kirkjum landsins. Í máli hans við vígslu verkanna kom fram að hann hefur sterkar taugar til Súgandafjarðar og Suðureyrar og gætir þess í verkunum en myndefni þeirra sækir listamaðurinn í texta biblíunnar. Í verkunum sameinast á glæsilegan hátt listrænt skyn og handbragð sem og viðamikil þekking á tálnmáli kirkjunnar í gegnum aldirnar.

Suðureyrarkirkja hefur ávallt notið hlýhugar og vinsemdar Súgfirðinga, hvar sem þeir eru staddir og á það ekki síður við í dag. Kirkjunni hefur verið gert margt til góða í tilefni 60 ára vígsluafmælisins og borist fjöldi veglegra gjafa.

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564

Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb
Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson

Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Blaut tuska í andlit fólks í dreifbýli

Leiðari

„Hvenær drepur maður mann og hvenær drepur maður ekki mann?" Hver kannast ekki við þessi fleygu orð Jóns Hreggviðssonar í Íslandsklukku Halldórs Laxness. Annað hvort drepur maður mann eða maður drepur ekki mann.

Annað hvort er maður sýslumaður eða ekki sýslumaður. Annað hvort er maður hæfur til að vera sýslumaður eða ekki hæfur til að vera sýslumaður.

Ákvörðun dómsmálaráðherra að hrókera sýslumönnum á Akranesi og Hólmavík er einstök. Og kom í opna skjöldu. Fyrsti þingmaður Vestfirðinga kvað þetta mistök sem hlytu að verða leiðrétt og gekk eftir því við ráðherra að svo yrði gert. Hann hafði þó ekki erindi sem erfiði. Dyggilega studdur af forsætisráðherra sér dómsmálaráðherra ekkert athugavert við það að sýslumanni sem hann treystir ekki til starfa á Akranesi sé holað niður á Hólmavík.

Vandræðalegar yfirlýsingar um að algengt sé að flytja embættismenn til í starfi eru í besta falli barnalegar í þessu tilviki. Enn vandræðalegri eru útlistanir ráðherranna um að þetta sé í lagi þar sem embættið á Hólmavík sé miklu umfangsminna en embættið á Akranesi. Auðvitað er þetta ekkert annað en yfirklór í vandræðamáli milli sýslumannsins á Akranesi annars vegar og dóms- og fjármálaráðuneytisins hins vegar, máli sem vakti athygli og sitt sýndist hverjum um. Hefur það verið skoðað niður í kjölinn?

Andmæli Strandamanna, þingmanna kjördæmisins og stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga hafa ekkert með persónu viðkomandi sýslumanns að gera. Málið snýst um þá óskammfeilni dómsmálaráðherra að senda Hólmvíkingum embættismann sem þessi sami ráðherra telur óæskilegan á Akranesi einhverra hluta vegna. Með mótmælunum er verið að koma því á framfæri við ráðherrann, sem hann greinilega er sér ekki meðvitaður um, „að Vestfirðir eru ekki annars flokks svæði sem hentar til að flytja inn á embættismenn sem að mati ráðherra hafa ekki staðið sig nægilega vel í starfi," eins og segir í mótmælabréfi Fjórðungssambandsins til dómsmálaráðherra.

Því miður eru engar líkur á að fyrsta þingmanni Vestfirðinga verði ágengt í þessu máli. Dómsmálaráðuneytið étur ekki svo glatt oní sig axarsköft sem birtist í því að telja það nógu gott fyrir íbúa strjábýlisins, sem ekki er brúklegt í þéttbýlinu.

Slík framkoma er sem blaut tuska í andlit þess fólks sem fyrir henni verður.

s.h.

Pétur Guðmundsson frá Ófeigsfirði skrifar

Meira um líf og dýra á Hornstr

Myndin sýnir þá 619 æðarunga sem dregnir voru út úr minkagreni í Hrútey í Ófeigsfirði. Ljósmynd: Pétur Guðmundsson.

Í upphafi

Það var siður í eina tíð, að svæla út refi úr grenjum sínum. En var sem betur fer löngu aflagt þegar við Indriði á Skjaldfönn uxum úr grasi. Að minnsta kosti hef ég aldrei tekið þátt í þannig aðgerðum, og trúi því, að það hafi Indriði heldur aldrei gert.

Því set ég þessi orð á blað, að ég tel að táknrænt hafi ég borið eld að greni bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, (sem bráðum verður hreppsnefnd,) í Bæjarins besta þann 4. mars sl. Það er svo ekki fyrr en Indriði bóndi á Skjaldfönn skarar í glæðunum í Vestra 2. apríl, að minkurinn í Veiðistjóraembættinu á Akureyri skrækir.

Í upphafi ætla ég að skora á alla bæjarstjórnarmenn í Ísafjarðarbæ að svara því opinberlega hver fyrir sig, hvort þeir hafi samþykkt tillögu Smára Haraldssonar í ógáti, sem er trúlegast og væri heiðarlegt að viðurkenna það strax, eða að þeir telji í einlægni, að lífi smáfugla og fiska sé best borgið í kjafti refa, minka og vargfugls, eða hvort um aðrar ástæður fyrir afstöðu þeirra sé að ræða.

Þáttur „setts" veiðistjóra

Af því ég veit að Smári Haraldsson mun koma þessum skrifum til „setts" veiðistjóra, þá ætla ég að láta hér falla nokkur orð um það embætti og þann pilt sem í því situr. Í viðtali við fyrrverandi veiðistjóra í Morgunblaðinu á s.l. hausti segir hann að minkurinn hafi gersigrað okkur. Þar með lýsti hann yfir algerri uppgjöf fyrir minknum.

Slíkir menn eiga ekki erindi í embætti veiðistjóra, og ef núverandi „settur" veiðistjóri hefur sömu skoðun, þá ætla ég að ráðleggja honum að hypja sig úr starfi og það sem allra fyrst, og áður en hann veldur stórfelldu tjóni í varplöndum, að minnsta kosti að láta vera að sækja um embættið þegar skipað verður í það í sumar. Það sem veiðistjóri á að gera er að stuðla að fækkun refa, minnka og flugvargs og lágmarka það tjón sem þessi kvikindi valda með lágmarkskostnaði, að minnsta kosti að reyna að halda fjölda þeirra í skefjum. Ekki að hætta öllum aðgerðum af því að það kostar einhverja peninga, ekki heldur að drepa öll kvikindi hvað sem það kostar, en ekki undir neinum kringumstæðum að gefast upp. Það eru líka verðmæti í villtu fuglalífi, það er óborganlegt, og það sem meira er, það er **ómetanlegt**, þó einhverjir kjósi að gera lítið úr því.

„Settur" veiðistjóri lætur liggja að því í Vestra 9. apríl að ekki skipti máli hvað mörg rándýr og fuglar séu í landinu og meðfram ströndum þess, það breyti engu um endanlega stofnstærð æðarfugls, og þá væntanlega annarra tegunda líka, aðeins þurfi að verja varpstaðinn. Þvílík endemis vitleysa, það er alveg víst að sá ungi eða það egg sem lendir í vargskjaftinum verður aldrei að fullorðnum fugli. Einnig er það vitað þó engum hafi dottið í hug, að það þyrfti að kosta rándýrum rannsóknum því til sönnunar, að þar sem minkur er, er lítið sem ekkert af fugli. Getur verið að einhver sé svo vitlaus að halda, að allt það svæði sem minkurinn heldur frá t.d. æðarfuglinum bara með nærveru sinni, hafi engin áhrif á afkomumöguleika æðarfuglsins og þar með stofnstærð hans?

Ég vissi það fyrir að „settur" veiðistjóri er uppalinn norður á Melrakkasléttu, og vegna þess að þar er æðarvarp á næstum hverjum bæ, er ég ennþá meira undrandi á afstöðu hans til vargsins, en ef hann væri borgarbarn.

Þarf að sýna almenningi hvað gerist?

Ég held jafnvel að það sé nauðsynlegt til að sem flestir geri sér grein fyrir því hverjir skaðvaldar minkar, refir og hinar ýmsu mávategundir eru, að friða þessi kvikindi í Reykjavík. Í borgarlandinu eru árlega drepnir yfir 100 minkar og nokkur þúsund mávar, ég veit ekki um ref þar, en get ímyndað mér að ef hann fengi frið þá færði hann sig upp á skaftið og flytti til höfuðborgarinnar, eins og gerst hefur í Bretlandi, þar sem rauðrefurinn er í annarri hverri ruslatunnu í stórborgum.

Ég sæi fyrir mér alla fuglafræðingana og almenning lýsa

Hnífsdalur

Öryggismál sjómanna

Öryggismál sjómanna verða til umræðu á málþingi sem Slysavarnafélag Íslands efnir til í tilefni af 70 ára afmæli félagsins og verður haldið í Félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardag kl. 13. Sjómenn á Vestfjörðum og aðrir áhugamenn um öryggismál sjómanna eru hvattir til að mæta og taka þátt í umræðum um eigin öryggismál.

Vestfirðir

Ekki annars flokks

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur sent dómsmálaráðherra bréf þar sem lýst er yfir furðu á þeim hugmyndum að flytja sýslumanninn á Hólmavík til Akraness og sýslumanninn þar til Hólmavíkur. Segir í bréfinu að Vestfirðir séu ekki annars flokks svæði sem hentar til að flytja inn á embættismenn sem ráðherra telur ekki standa sig.

Ísafjarðarbær

Sækjum á brattann

Rúmlega fjörutíu fyrirtæki hafa skráð þátttöku á atvinnuvegasýningu Vestfjarða „Tindur - sækjum á brattann" sem haldin verður í íþróttahúsinu á Torfnesi 13. og 14. júní. Stefnt er að þátttöku um níutíu fyrirtækja og vonast forráðamenn hennar til að gestir á sýningunni verði mun fleiri en á síðasta ári en þá sóttu um 5.000 gestir sýninguna.

dauða viltra öndum

Þorvaldur Björnsson og Guðbrandur Sverrisson með 21 tófu og 12 minka eftir veiðiferð að vori í Ófeigsfjörð og nágrenni. Ekki þarf að spyrja að leikslokum ef þessi vargur hefði komist í æðavörp bænda á þessum slóðum.

Ljósmynd: Pétur Guðmundsson.

blessun sinni yfir því að á þann hátt yrði öllu fuglalífi eytt við Reykjavíkurtjörn og Gróttu, þá færi sennilega varpið á Bessastöðum og fleira forgörðum. Þá gætu allir séð hvað gerist ef ekki er höfð hönd í bagga með náttúrunni og henni liðsinnt. Það ástand sem á þessum stöðum mundi skapast, yrði að öllum líkindum, á máli fræðinganna kallað eðlilegt náttúrulegt jafnvægi! En skyldu einhverjir vera til sem óska eftir því jafnvægi. Ég veit hvað gerist og óska ekki eftir því.

Getur verið að fuglalíf í friðlandi Hornstranda sé ekki eins merkilegt og þar suður frá, eða verða menn bara einfaldlega heimskir þegar komið er að því að vemda það sem er á útkjálkum landsbyggðarinnar?

Það vita ekki allir allt

En af því að ég held að „settur" veiðistjóri viti það ekki, þá ætla ég að segja honum það, að minkurinn og refurinn ásamt með öllum vargfuglum halda áfram að drepa unga eftir að þeir eru farnir úr hreiðrum, meira að segja skúmurinn, sem er að því að mér skilst í sérstöku uppáhaldi hjá alltof mörgum líf- og fuglafræðingum, og allt að því heilagur fugl, gerir það líka.

Og af því að ég held að „settur" veiðistjóri viti það ekki heldur, þá ætla ég að segja honum það, að eftir því sem ref fjölgar á Hornströndum og í Jökulsárgljúfrum og í Þjóðgarðinum í Skaftafelli, þá leita kvikindin út úr þessum friðlöndum eftir lífsviðurværi og þrengja þá að öðrum sem þá leita enn lengra og þannig breiðist þetta út eins og gáran ef steini er hent í vatn. Og hvers vegna skyldu nú refirnir leita út af því svæði sem þeim hefur verið úthlutað, það skyldi þó ekki vera vegna þess að það sé komið á ójafnvægi í náttúrunni, þeir hafi með öðrum orðum étið sig út á gaddinn.

Og hvar eru þá þeir fuglar sem á sumri sungu.

Ferðalög rebba

Frá því segir í Veiðidagbók, að refir hafa veiðst 63 kilómetra í beina loftlínu frá merkingarstað, það sannar að þeir fara a.m.k. þá vegalengd, en segir ekkert um að þeir stoppi þar, þeir geta þess vegna farið miklu lengra, og það sannar ekkert um að þeir geri það ekki. Og af því að settur veiðistjóri er ættaður norðan af Melrakkaséttu þá vil ég benda honum á, að 63 kílómetrar eru u.þ.b. vegalengdin frá Reykjahlíð í Mývatnssveit og norður að Öxarnúpi í Núpasveit, eða frá frænda hans á Vatnsenda á Melrakkasléttu og að Hlíð á Langanesi eða frá Ísafirði í Ófeigsfjörð.

Ég held að settur veiðistjóri þurfi ekki að bera það á borð fyrir einn einasta hugsandi mann að það sé best að láta allt afskiptalaust, og að minkurinn og refurinn fái að skammta okkur það líf sem við eigum að vera aðnjótendur að.

Því hefur verið haldið fram að refurinn sé fyrst og fremst hrææta. Veit ég að rebbi er nægjusamur og tínir gjarna ber og orma og ýmislegt er það sem upp í hann fer og ekki allt kræsilegt. Það breytir þó ekki því, að hann er mjög hæfur unga og eggjaræningi, hann er tímum saman að snuðra í eggja og ungaleit. Ekki lætur hann sér nægja að taka bara til eins málsverðar, heldur hirðir hann allt sem hann finnur og grefur þá gjarna. Hvort hann finnur það allt aftur þegar sulturinn sverfur að veit ég ekki, en hitt hef ég grun um, að þeir ungar sem eru svo óheppnir að lenda á vegi hans verði ógjarnan eldri.

Rétt er að láta þess getið, að þó að tekið hafi verið sem dæmi um eðli minksins, atvik í Hrútey í Ófeigsfirði, þá erum við samt alltaf að tala um allt lífríkið, ekki bara æðarfuglinn og rjúpuna, þó að þar séu að vísu mestir eiginhagsmunir í húfi. En það eru til myndir af afrakstri minksins úr Hrútey, en ekki af eyðingu silungs og mófugla um allt svæðið.

Björgin

Það heitir í Rana, og er undir Hornbjargi. Þar var líklega ein stærsta lundabyggð á Vestfjörðum. Heldur óskemmtilegt er að heyra grandvara og athugula menn segja frá því að síðastliðið vor hafi ekki sést lundabringa í holumunna, og að þar sé ekki lengur hægt að tala um lundavarp. Einnig eru þar þræðingar sem hægt er að ganga neðanfrá til eggja, rebbi hefur nú séð fyrir því að þar er ekki um auðugan garð að gresja. Þangað komust refir fyrir nokkrum árum og vafalaust er þar minkur líka.

Af því að rebbi er friðaður á þessu svæði þá fjölgaði honum og þá var ekki að sökum að spyrja. Einnig er mér sagt að bjargbrúnin öll sé sem sviðið land, allstaðar þar sem rebbi kemst er allt varp eyðilagt. Ferðamaður sem kom af Ströndum í sumar, sagði mér að 7 greni hefðu fundist nærri brúnum Hornbjargs í vor. Það má koma hér fram að björgin tvö, Hornbjarg og Hælavíkurbjarg voru matarkistur að minnsta kosti þriggja sveitarfélaga og gott ef ekki var haldið lífi í Ísfirðingum með eggjum og fugli úr þessum sömu björgum. Þó að fast hafi verið sótt í fugl og egg í margar aldir sást aldrei á lífríkinu. Það er ekki fyrr en náttúrufræðingar og umhverfisverndamenn fara að friða svæðin að slysin gerast.

Teistan og smáfuglarnir

Hvaða ástæða skyldi vera fyrir því að skömmu eftir að minkurinn kom á Strandir hætti teista að verpa í klettum og grjótgörðum við sjóinn. Nú sést þessi spaki og geðþekki fugl ekki nema í útskerjum.

Af því að „settur" veiðistjóri er ættaður og uppalinn á Melrakkasléttu, þá langar mig að spyrja hann að því hvort að hann telji ekki, að mun fjölbreyttara og skemmtilegra fuglalíf væri á Melrakkasléttunni og nágrenni ef jafnvel nokkur hundruð þúsund ungar og egg slyppu frá því að lenda í rándýrskjöftum á svæði frá Jökulsá á Fjöllum í vestri og að Sandvíkurheiði í austri.

Kostnaðurinn

Í Veiðidagbók 1998 segir að kostnaður við refaveiðar 1996 hafi verið 31,6 millj. og minkaveiðar 23,2 millj. Samtals eru þetta 54,8 millj. Rétt fáeinir dagar í laxi. Vill einhver spara þessar 54,8 milljónir og láta í staðinn næstum allt villt fuglalíf í landinu. **Það er um það, sem málið snýst.**

Ég held því fram að ef vitleysan fær að þróast í framtíðinni undir verndarvæng óbreyttra skoðana hreppsnefndar Ísafjarðarhrepps, og með fulltingi svokallaðra náttúruverndarsinna, þá verði dýralífið á Hornströndum í framtíðinni fáeinir soltnir refir, minkar, hrafnar og svartbakar og sitji þeir allir um líf hvers annars og nesti þeirra flækinga sem þangað leggja leið sína, til að njóta þeirrar ánægju sem vargurinn veitir þeim.

Um rannsóknir

Páll Hersteinsson fyrrverandi veiðistjóri valdi til rannsóknar á refum, Ófeigsfjörð í Árneshreppi. Til þess að hann gæti framkvæmt þessar rannsóknir þurftu ábúendur að gangast inn á það, að friða refinn í tiltekinn tíma. Það, að við faðir minn skyldum gera þetta, sýnir vel hvem hug við bárum til vísinda og rannsókna hverskonar. Við töldum að engir hefðu meira að græða á því að fá staðgóða þekkingu á refnum en einmitt æðarbændur. Og þrátt fyrir að það þyrfti að friða refinn í talsverðan tíma með tilheyrandi auknum ágangi, þá gerðum við það, vegna þess að með því fengjust allmiklar upplýsingar um refinn, og það sem kannski er meira virði. Ungur vel greindur líffræðingur fékk með þessu tækifæri til að kynnast af eigin raun lífinu með þessum dýrum í bland við búskapinn, og mótast af reynslu sinni.

Ég held að Páll Hersteinsson, hafi fyrstur hreyft því að friða ref á Hornströndum í tiltekinn tíma. En aðeins að undangenginni mjög yfirgripsmikilli rannsókn á dýralífi þar norður frá. Ég styð þannig vinnubrögð, en ekki handahófskent fálm eins og þá friðun vargdýra sem nú á sér stað á Hornströndum og í Jökulsárgljúfrum. En á þessum stöðum, eru svokallaðir friðunarsinnar að verða búnir að útrýma öllu eðlilegu fuglalífi. Endalaust verður hægt að rífast um árangur. Enginn veit hvað gerist nákvæmlega, vegna þess að engar rannsóknir fóru fram áður en friðað var. Og þó að farið verði í rannsóknir nú, þá sýna þær ekki hvernig lífríkið var. Án samanburðar eru rannsóknirnar tæplega meira en hálfvirði, en nauðsynlegar samt.

Frá því er greint í nýkominni Veiðidagbók, að nú í sumar eigi að fara fram rannsóknir á ref í friðlandi Hornstranda. Ég fagna því, og þá sérstaklega að þær skuli fara fram undir stjórn Páls Hersteinssonar fyrrverandi veiðistjóra. Pál þekki ég vel og veit að þær niðurstöður sem út úr þeim rannsóknum fást verða heiðarlega fram bornar. Að minnstakosti ef hann túlkar þær sjálfur. Þó þykir mér líklegt að þessar rannsóknir vekji fleiri spurningar en þær svara, slíkt er eðli rannsókna. Samt er ég ekki í neinum vafa um að þessar rannsóknir hefðu átt að byrja áður en svæðið var friðað, til þess að fá samanburðinn.

Að lokum

Að fenginni reynslu af friðlandinu á Hornströndum þá er ég á móti því að slík svæði séu sett undir aðra en þá sem þau eiga og umgangast á eðlilegan hátt, nema þau svæði séu mjög takmörkuð að stærð. Þegar Hornstrandir voru friðaðar kom fljótt í ljós að sú friðun átti eingöngu við um ref, mink og flugvarg að ógleymdum veiðiþjófum.

Að endingu legg ég til að veiðistjóraembættinu verði skipt, þannig að sá þáttur embættisins sem lýtur að veiði og veiðistjórnun, verði aðskildur frá rannsóknum, og þá fluttur til Bændasamtakanna, og sá starfsmaður verði þar sem ráðunautur í veiðum og vörnum gegn ágangi þessara vargdýra. Og að lögum um veiðistjóra verði breytt þannig, að í staðinn fyrir að þar sé krafist líffræðimenntunar, þá komi fram að hann skuli vera **þaulreyndur veiðimaður**.

Líffræðingamir geta og eiga að rannsaka kvikindin og í þeirra hlut mega veiðikortin koma, annað ekki. Ég sætti mig ekki við, að svokallaðir friðunarsinnar kveði í eitt skipti fyrir öll, upp dauðadóm yfir nær öllu villtu fuglalífi í landinu.

Kópavogi 14.04.1998
Pétur Guðmundsson frá Ófeigsfirði.

Atvinna

Starfsmaður óskast í veitingasal. Við leitum að glaðlegum og þjónustuliprum starfsmanni.

Tungumálakunnátta æskileg.

Upplýsingar á staðnum.

Hótel Ísafjörður hf.

Atvinna í boði!

Beitningamenn óskast á Stundvís ÍS-883.

Góð laun í boði.

Upplýsingar í símum 852 3883, 456 4106 og 456 3721.

Vísir ehf.,
Ísafirði.

Þessi þrenn hjón fengu sérstaka viðurkenningu fyrir stuðning þeirra við KFÍ. F.v. Rafn Jónsson og Friðgerður Guðmundsdóttir, Helga Sigmundsdóttir og Jóhann Torfason og Lúðvík Jóelsson og Kolbrún Sveinbjörnsdóttir.

Sólveig Pálsdóttir og Friðrik E. Stefánsson. Sólveig þótti sýna bestan árangur hjá meistaraflokki kvenna hjá KFÍ auk þess sem hún var kjörinn leikmaður keppnistímabilsins. Friðrik þótti sýna bestan árangur í karlaflokki.

Uppskeruhátíð Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar

Ólafur og Sólveig kjörin bestu leikmenn vetrarins

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar hélt sína árlegu uppskeruhátíð í veitingahúsinu Krúsinni sl., laugardagskvöld. Fjölmenni var á hátíðinni og líf og fjör enda árangur liðsins til mikils sóma á nýafstöðnu keppnistímabili. Á hátíðinni voru veittar viðurkenningar til þeirra einstaklinga sem þóttu standa sig best á tímabilinu sem og þeirra sem þóttu sýna mestu framfarir. Þá fengu stuðningsmenn liðsins sérstaka viðurkenningu og útnefndur var stuðningsmaður ársins. Auk þess fengu fjölmargir einstaklingar sérstakar viðurkenningar fyrir frábæran stuðning við félagið.

Friðrik E. Stefánsson þótti sýna bestan árangur hjá meistaraflokki karla og fékk hann að launum bikar sem gefinn var af Lúðvík Jóelssyni. Besti leikmaður í meistaraflokki karla var kjörinn Ólafur J. Ormsson og Pétur Sigurðsson þótti sýna mestu framfarir á keppnistímabilinu. Fengu þeir að launum bikara sem gefnir voru af Olíufélaginu Esso og Básafelli. Sólveig Pálsdóttir þótti sýna bestan árangur í meistaraflokki kvenna og hún var einnig kjörinn besti leikmaður kvennaliðs KFÍ á tímabilinu. Fékk hún að launum bikara sem gefnir voru af Olíufélaginu Esso og Básafelli og Ísfirðingafélaginu í Reykjavík. Hafdís Gunnarsdóttir þótti hins vegar sýna mestu framfarirnar og fékk fyrir það bikar að launum frá Esso og Básafelli.

Stuðningsmaður ársins var valinn Flosi Kristjánsson, einn eigenda Ágústar og Flosa ehf., og var honum og öðrum stuðningsmönnum þakkað frábært starf á keppnistímabilinu. Auk þess fengu hjónin Helga Sigmundsdóttir og Jóhann Torfason, Kolbrún Sveinbjörnsdóttir og Lúðvík Jóelsson og Friðgerður Guðmundsdóttir og Rafn Jónsson sérstaka viðurkenningu fyrir þeirra stuðning.

Stuðningsmaður ársins hjá KFÍ var kjörinn Flosi Kristjánsson. Hann tekur hér við bikar að launum úr hendi Björgvins Björgvinssonar, stjórnarmanns í KFÍ. Fyrir aftan þá er framkvæmdastjóri félagsins, Guðjón Þorsteinsson.

Þrír hressir stuðningsmenn KFÍ, Jóhann Torfason, Helgi Sigmundsson „hirðlæknir" félagsins og Hermann Hákonarson.

Fjórar hressar úr kvennaliði KFÍ. Fyrir miðri mynd í hvítri skyrtu er Hafdís Gunnarsdóttir, sem þótti sýna mestu framfarir hjá meistaraflokki kvenna á keppnistímabilinu.

Þjálfara KFÍ, Guðna Guðnasyni klappað lof í lófa fyrir góðan árangur á keppnistímablinu.

Ólafur J. Ormsson var kjörinn besti leikmaður KFÍ á nýafstöðnu keppnistímabili.

Sjómenn!

Öryggismál sjómanna

Öryggismál sjómanna verða til umræðu á málþingi sem Slysavarnafélag Íslands efnir til í tilefni af 70 ára afmæli félagsins. Málþingið verður í Félagsheimilinu í Hnífsdal, laugardaginn 18. apríl nk., kl. 13:00.

Dagskrá:

Fjögur framsöguerindi, pallborðsumræður og kaffiveitingar í boði Slysavarnafélagsins.

Sjómenn á Vestfjörðum og aðrir áhugamenn um öryggismál sjómanna eru hvattir til að mæta og taka þátt í umræðum um eigin öryggismál.

Undirbúningsnefndin.

ÍSAFJARÐARBÆR

AUGLÝSING UM REFA- OG MINKAEYÐINGU Í ÍSAFJARÐARBÆ

Bæjarstjórinn í Ísafjarðarbæ aauglýsir hér með eftir skotmönnum til eyðingar refa og minka í Ísafjarðarbæ, nánar tilgreint á neðangreindum svæðum.

Svæði I - Fyrrum Auðkúlu- og Þingeyrarhreppar.

Svæði II - Fyrrum Mýra- og Mosvallahreppar.

Svæði III - Fyrrum Suðureyrarhreppur og Ísafjarðarkaupstaður.

Svæði IV - Snæfjalla- og Grunnavíkurhreppar.

Umsóknir berist til bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fyrir kl. 12 á hádegi þann 27. apríl 1998.

Bæjarstjórinn í Ísafjarðarbæ.

Orkustund

á Ísafirði fyrir fólk á öllum aldri. Með hverju nærir þú huga þinn, sál og líkama? Jákvætt hugarfar, andleg og líkamleg vellíðan. Námskeiðið verður haldið laugardaginn 25. apríl frá kl. 14-18.

Námskeið á Ísafirði

Umbreytingar tímabila

Ráðgjöf um jurtir og virkni þeirra á tímabilum. Tilfinningalegi þátturinn tekinn fyrir. Jákvæð uppbygging og slökun fyrir konur á öllum aldri. Námskeiðið verður haldið á Ísafirði, sunnudaginn 26. apríl frá kl. 11-14

Fanný Jónmundsdóttir, leiðbeinandi.

Upplýsingar og skráning hjá Fanný Jónmundsdóttur, leiðbeinanda í síma 552 7755 og hjá Önnu Lóu Guðmundsdóttur í síma 456 3077 á kvöldin.

Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Erum með til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

Tengsl á milli sýklalyfjanotkunar og þróunar ónæmis rannsökuð í Bolungarvík

Ónæmismyndun baktería og tengsl þeirra við eyrnabólgur

Dagana 19. og 20. apríl nk., verður í samvinnu við heilsugæsluna í Bolungarvík, safnað sýnum til rannsóknar á tengslum sýklalyfjanotkunar og þróunar ónæmis, algengustu sýkingarvalda í loftvegum barna. Um er að ræða framhald rannsóknar sem framkvæmd var í Bolungarvík og víðar fyrir fimm árum en að þessu sinni mun rannsóknin ná til 70% barna á aldrinum 1-6 ára. Fyrri rannsókn sýndi fram á sterk tengsl milli mikillar sýklalyfjanotkunar og aukinnar útbreiðslu ónæmra baktería sem valdið geta eyrnabólgum hjá börnum, en sýking af völdum ónæmra baktería gerir það að verkum að lyf í mixtúruformi duga ekki og þarf þá að leggja börnin inn á sjúkrahús til meðhöndlunar með sýklalyfi í æð. Hefur þetta valdið læknum um allan heim miklum áhyggjum og velta menn því nú fyrir sér hvort notkun sýklalyfja geti dregið úr ónæmismyndun baktería.

Fyrir ári síðan gaf heilbrigðisráðuneytið út leiðbeiningar um notkun sýklalyfja sem unnar voru í samvinnu við heimilislækna, smitsjúkdómalækna og barnalækna. Þar er mælt með að meðhöndla ekki vægar eyrnabólgur hjá börnum eldri en eins árs með sýklalyfjum á þeim forsendum að eyrnabólgur barna á þessum aldri læknist oftast af sjálfu sér og án meðferðar. Rannsóknin nú beinist því að því að skoða betur hvaða breytingar hafa orðið síðustu árin varðandi ónæmismyndun baktería og tengsl þeirra við eyrnabólgur.

Leitað verður eftir samþykki forráðamanna barna á aldrinum 1-6 ára sem búa í Bolungarvík um þátttöku í rannsókninni. Beðið verður um að stuttur spurningalisti um sýklalyfjanotkun barnsins síðustu tólf mánuði verði útfylltur og í leiðinni gerð viðhorfskönnun um sýklalyfjanotkun almennt. Læknir mun taka strokusýni úr nefi hvers barns sem tekur þátt í rannsókninni en hún er algjörlega skaðlaus og án teljandi óþægginda. Stefnt er að því að fá börnin á heilsugæslustöðina í Bolungarvík, síðdegis sunnudaginn 19. apríl og verður hverjum og einum sent bréf með nánari upplýsingum og tímasetningu.

Auk framangreindra upplýsinga, verður aflað upplýsinga úr sjúkraskrá um sýklalyfjanotkun barnanna sem taka þátt í rannsókninni. Einnig verða fengnar upplýsingar frá apótekinu um heildarsölu sýklalyfja eftir aldurshópum. Ræktanir á sýnum verða framkvæmdar á sýklafræðideild Landsspítalans og verður foreldrum og heimilislækni tilkynnt um niðurstöðu, komi upp sú staða að slíkt sé nauðsynlegt.

Rannsóknin er unnin í samvinnu við heilsugæslustöðina í Bolungarvík og Ísafjarðarapótek en rannsóknaraðilar eru Vilhjálmur Ari Arason, heimilislæknir á Heilsugæslustöðinni Sólvangi í Hafnarfirði, Jóhann Ágúst Sigurðsson, prófessor í heimilislæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands, Karl G. Kristinsson, sýklafræðingur, Sigurður Guðmundsson, smitsjúkdómalæknir, Helga Erlendsdóttir, meinatæknir á Landsspítalanum og Aðalsteinn Gunnlaugsson læknanemi. Tölvunefnd ríkisins hefur gefið út samþykki fyrir rannsókninni enda verður fyllsta trúnaðar gætt.

Á þriðja þúsund manns voru á Seljalandsdal þegar best lét.

Þessir tveir heiðursmenn, Einar Yngvason og Þörstur Jóhannesson lentu í tveimur efstu sætunum í göngu karla á Garpamóti skíðavikunnar.

Og þær Auður Yngvadóttir og Sigurveig Gunnarsdóttir höfnuðu í tveimur efstu sætunum í göngu kvenna.

Sigurvegarar í svigi karla og kvenna á Garpamótinu, Sólrún Geirsdóttir og Guðjón Ólafsson ásamt Þresti Jóhannessyni.

Velheppnuð skíðavika á Ísafirði um páska

Veðurguðirnir í aðalhlutverki

Óhætt er að segja að Skíðavikan 98 á Ísafirði hafi tekist vel í alla staði. Lítið var um frestanir eða niðurfellingar á dagskrárliðum og var það einna helst að þakka veðurguðunum sem voru í sínu besta skapi flesta daga páskahelgarinnar. Fjölmenni var á Seljalandsdal alla daga og þegar mest var reyndust gestir vera hátt á þriðja þúsund.

Einn af hápunktum skíðavikunnar var hið árlega Garpamót, sem allflestir skíðamenn sem komnir eru yfir miðjan aldur bíða eftir. Líkt og áður var keppt í samhliðasvigi karla og kvenna auk þess sem keppt var í göngu. Í svigi kvenna sigraði Sólrún Geirsdóttir og önnur varð Sigrún Sigurðardóttir. Í flokki karla 30-49 ára sigraði Guðjón Ólafsson og Valur Jónatansson varð í öðru sæti. Í flokki karla 50 ára og eldri sigraði Þorlákur Baxter og Kristján Pálsson varð annar.

Í göngu kvenna sigraði AuðurYngvadóttir, Sigurveig Gunnarsdóttir varð önnur og Jóna Lind Karlsdóttir hafnaði í þriðja sæti. Í göngu karla sigraði Þröstur Jóhannesson, Einar Yngvason varð annar og Guðjón Höskuldsson varð þriðji. Alls tóku um 80 manns þátt í Garpamótinu að þessu sinni, sem er mesti fjöldi þátttakenda til þessa.

Helgi Björnsson og félagar hans í SSSól skemmtu gestum á Seljalandsdal við góðar undirtektir.

Pizza´67 á Ísafirði breytt

Kveðjuhelgi í Sjallanum

Síðasta helgin sem dansað verður í Sjallanum á Ísafirði, a.m.k. í bili, verður um næstu helgi. Eftir helgina hefjast breytingar á húsnæðinu (gömlu Ísól) og hyggjast eigendurnir opna nýjan og glæsilegan veitingastað þar 8. eða 9. maí nk.

Í frétt frá eigendunum, Steinþóri Friðrikssyni og Gróu Böðvarsdóttur, segir að framvegis verði ,,öll stóru böllin" haldin í Félagsheimilinu í Hnífsdal og í veitingahúsinu Krúsinni og eru nefnd þar hljómsveitir eins og Skítamótall, SSSól, Sálin, Greifarnir, Sóldögg og fleiri hljómsveitir.

Frá og með mánudeginum 20. apríl verður Krúsin opin alla daga frá kl. 11:30-23:30 og Pizza´67 mun flytjast þangað frá sama tíma.

Frétt frá Framhaldsskóla Vestfjarða

Samstarfsverkefni fjögurra landa sýnt

,,Að búa við sjóinn" er samstarfsverkefni fjögurra landa í Comenius-áætluninni, en markmiðið með henni er að auka skilning milli Evrópuþjóða og koma á kennslusamstarfi og kennaraskiptum.

Þeir sem standa að verkefninu auk Framhaldsskóla Vestfjarða eru Hanstholm Friskole í Hanstholm í Danmörku, Lycee de la Mer et du Littoral í Baucefranc-le Chapus í Frakklandi og Instututio de Bachilleruto ,,Barrio Pesquero" í Santander á Spáni.

Ákveðið var að verkefninu lyki með farandsýningu. Þriðji bekkur Framhaldsskólans tók þátt í verkefninu ásamt nokkrum kennurum skólans og fóru tveir fulltrúar nemenda ásamt kennurum til Santander á Spáni þegar fyrsta sýningin var sett upp. Sýningin fór síðan til Frakklands og Danmerkur og lýkur hér á Ísafirði. Kennarar frá viðkomandi skólum verða við opnun sýningarinnar ásamt tveimur nemendum frá Spáni. Sýningin opnar kl. 17 miðvikudaginn 22. apríl í sal skólans.

Henrý Bæringsson á Ísafirði skr

Hvað er til ráða í byg

Í aldanna rás hafa Íslendingar stundað sjálfsþurftarbúskap. Og það er ekki fyrr en á þessari öld að það tekur að breytast. Og nú er ekki aðalatriðið að geta lifað á gæðum þess landssvæðis sem við búum á heldur hvort við höfum vinnu og hvernig okkur líkar að búa á þeim stað sem við eigum heima á hverju sinni. Og ég held að flestum sem á þessu svæði búa líki það að flestu leyti ágætlega.

Hér er gott að ala upp börn, lognið á fallegum vordögum fær mann til að gleyma leiðinlegum vetrardögum, hér er gott að stunda útiveru, bæði skíði og gönguferðir og samfélagið er af þeirri stærð að hér getur þú haft mikil áhrif ef þú kærir þig um. En hvers vegna fækkar hér?

Til þess að fá svar við því langar mig að benda á rúmlega 50 ára gamla sögu, þegar Sléttuhreppur fór í eyði. Mér sýnist þróunin á Vestfjörðum vera byrjuð að líkjast þeirri þróun sem var í gamla Sléttuhreppi. En á árunum 1943 til 1952, þegar síðasti ábúandinn flutti burtu, fluttust rúmlega 400 íbúar brott og sveitin var komin í eyði. Það tók ekki nema tæp 9 ár. Og þó ég haldi því ekki fram aðVestfirðir fari í eyði á 9 árum held ég að ef ekkert verður að gert fækki hér all verulega á næstu 10 árum. Samsvörunin sem ég sé með þessum tímum er að nú eins og þá var mikil vinna og uppgangur fyrir sunnan og unga fólkið fór að þéna peninga. Og snéri aldrei aftur því að engu var að hverfa. Þá hafði orðið breyting á skipum þannig að hægt var að róa lengra og engin hafnaraðstaða var í Sléttuhreppi.

Núna er eingöngu spurt um hver á kvóta, ekki hvar þú býrð og alveg er eins hægt að gera út frá Reykjavík eða Hafnarfirði eins og Ísafirði. Þá sótti fólk í aukinn félags-

Fyrirtækið Rekstur- og lögfræðiráðgjöf ehf., í Reykjavík hefur tekið að sér að leita eftir óformlegum skuldaskilasamningi við lánadrottna Vöruvals ehf., á Ísafirði, sem er í eigu Benedikts Kristjánssonar og fjölskyldu hans. Verði samningurinn ekki samþykktur blasir ekkert annað en gjaldþrot við fyrirtækinu.

Eigendur Vöruvals ehf., á Ísafirði leita eftir óformlegum skuldaskilasamningi

Farið fram á allt að 80% niðurfellingu krafna

Fyrirtækið Rekstur- og lögfræðiráðgjöf ehf., í Reykjavík, hefur sent lánadrottnum Vöruvals ehf., á Ísafirði bréf, þar sem farið er fram á niðurfellingu skulda vegna bágrar stöðu fyrirtækisins. Í bréfinu er farið fram á niðurfellingu allt að 80%, þó að lágmarksgreiðsla verði 30 þúsund krónur. Eigendur Vöruvals ehf., ráku þrjár verslanir í Ísafjarðarbæ, allt til síðustu mánaðarmóta er reksturinn, innréttingar og lager var seldur eigendum Miðbrúnar ehf., sem nú reka verslanirnar undir nafninu Eló. Eigendur Miðbrúnar ehf., munu ekki hafa yfirtekið skuldir Vöruvals ehf., né útistandandi eignir þess í formi viðskiptaskulda.

Samkvæmt upplýsingum blaðsins hófust erfiðleikar Vöruvals fljótlega eftir að Kaupfélag Suðurnesja opnaði verslun á Ísafirði undir nafni Samkaupa. Síðan þá munu skuldir hafa hlaðist upp og munu í dag skipta tugum milljóna króna. Óvíst er hvort lánadrottnar fyrirtækisins samþykki framangreindan skuldaskilasamning og fari svo, blasir ekkert annað við Vöruvali ehf., en gjaldþrot. Benedikt Kristjánsson, aðaleigandi Vöruvals ehf., mun áfram reka verslun Vöruvals í Bolungarvík. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst blaðinu ekki að ná sambandi við Benedikt áður en blaðið fór í prentun.

rifar um vandann í byggðamálum Vestfirðinga

ggðamálum Vestfirðinga?

skap og skemmtanir. Núna vill fólk geta átt kost á allskonar afþreyingu, jafnvel þó það noti hana ekki þegar það á kost á því. Það er eingöngu spurningin um að eiga möguleikana.

En hvað er til ráða? Hingað á svæðið vantar einhvers konar stóriðju. Þá dettur mönnum vafalaust fyrst í hug einhver verksmiðja. Ég held að orkufrek stóriðja komi tæpast til greina einfaldlega vegna þess að við eigum hvorki orkuna né landrýmið. Stóriðja í fiskvinnslu kemur tæpast til greina því að þó við fengjum á silfurfati mörg þúsund tonn af kvóta gerir núgildandi kvótakerfi það að verkum að því er ekki að treysta að þeir sem fengju heimildirnar til ráðstöfunar seldu þær ekki hæstbjóðanda. Auk þess eru Íslendingar ekki ginnkeyptir fyrir að vinna í fiski lengur.

Nei, ég held að sóknarfæri Vestfirðinga felist í ferðaþjónustu. Hún byggðist fyrst og fremst á náttúrufegurð svæðisins, og hana er ekki hægt að selja í burtu eins og kvótann. Og meðan aðrir fylla sína firði af eiturspúandi verksmiðjum gerðum við út á hreinleikann og óspillta náttúru. Og möguleikarnir eru margir, vélsleðaferðir um vestfirska náttúru, skútusiglingar, gönguferðir, ýmsar uppákomur því við eigum fullt af hæfileikafólki, þorrablót og ýmislegt fleira sem kæmi þegar aukning yrði á umferð um svæðið. Og gerum okkur grein fyrir því að það sem okkur þykir hversdagslegt og jafnvel leiðinlegt svo sem norðaustan stórhríð eða draga fisk á færi þykir öðrum mikil upplifun. En til þess að hægt sé að selja Vestfirði sem ferðamannasvæði þarf fyrst og fremst að bæta vegasamgöngur við svæðið og innan fjórðungsins. Leggja þarf höfuðið í bleyti og upphugsa eitthvað sem lokkar fólk hingað vestur.

Auka þarf fjölbreytileika á gistingu á svæðinu koma t.d. upp sumargistingu í gamla þorpinu í Súðavík og Hnífsdal. Og skapa þá ímynd af svæðinu að hér sé eitthvað að sjá annað en fólk sem er að fara í burtu og sveitarstjórnarmenn að hafa sig og sína sveit að athlægi. En við verðum að gera okkur grein fyrir því að þetta er ekki eitthvað sem gert er á einu sumri, við erum kannski að tala um 10 til 15 ára þróun sem kostar mikla peninga. Við verðum bara að gera okkur grein fyrir því og líta bara á þetta sem okkar stóriðju.

Henrý Bæringsson.

Laxveiðinni lokið

Páskarnir eru liðnir og þeir fóru ekki hjá garði í Landsbanka Íslands. Þrír bankastjórar sögðu af sér og einn nýr er kominn til starfa. Þrír eru gengnir og einn er upp risinn. Hratt var unnið um helgidagana. Þótt laxveiðin hafi orðið æðstu stjórnendum Landsbanka Íslands að falli er umfjöllun um laxveiðimál bankastjóra ekki lokið. Jóhanna Sigurðardóttir hefur ekki fengið svör við öllum spurningum sínum að eigin sögn. Hún vill fá svör. Almenningur virðist vera henni sammála. Að mörgu leyti eru bankastjórarnir fyrrverandi börn síns tíma.

Þeir eldri í hópnum eru af þeirri kynslóð sem ekki þekkti annað en skömmtun allra efnislegra gæða í uppvexti sínum. Peningar voru háðir skömmtunarvaldi einhvers eins og önnur gæði, þar á meðal rétturinn til að flytja inn vörur og reyndar út líka. Stjórnmál og þátttaka í þeim voru fyrst og fremst tæki til þess að skammta öðrum veraldleg gæði. Þeir sem líklegastir voru til þess að tryggja kjör viðkomandi stjórnmálamanns og flokks nutu fyrst og fremst góðs af. Lengst af þessari öld og þar á meðal stærstan hluta lýðveldistímans voru lán gæði, sem voru svo eftirsóknarverð að völdin sem fylgdu því að deila þeim út voru meðal þeirra eftirsóttustu. Ekki síst var þetta tilfellið fyrir tíma verðtryggingar fjár. Meðan markaðsöflin fengu ekki að ráða í bankakerfinu og vextir voru langt undir verðbólgu á hverjum tíma var ekki nægt lánsfé í landinu. Í fyrsta lagi var allt of lítið fé til útlána og í öðru lagi var lánsfé svo ódýrt að engu skipti hversu vitleysislega því var eytt. Það borgaði sig að taka peninga að láni. Aldrei þurfti að greiða raunvirði til baka. Oftast var það bara brot af raunverulegu verðmæti sem greitt var.

Sumir gátu fengið lán. En þá þurfti sérstök tengsl. Þessu fyrirkomulagi fylgdi að sjálfsögðu spilling sem varð meira og minna inngróin í þjóðarsálina. Við bættist að ríkissjóður bar ábyrgð á ríkisbönkunum, líka þeim stærsta, Landsbanka Íslands. Í raun voru engar kröfur gerðar til æðstu stjórnenda um frammistöðu. Ekki minnkaði spillingin við það. Einn bankastjóranna var stjórnmálamaður til margra ára, annar alinn upp í bankanum og sá þriðji galt hinna tveggja á annan dag páska 1998.

Ný viðhorf

Eftir að tókst að koma böndum á verðbólguna skiptir öllu máli að peningar skili arði. Nú tekur enginn viti borinn maður lán nema að ætla sér að hafa af því hag. Það gengur að vísu ekki alltaf eftir. Menn eru jú misvitrir. Áður skipti litlu hvernig farið var með peninga annarra. Þegar svo var háttað að útlán réðust af öðrum hvötum en þeim hvort líklegt væri að raunvirði fjárins skilaði sér skipti engu þótt einhverjum peningum væri eytt meðfram í risnu eða laxveiði eða hvað svo sem það hét.

Spillingin hafði hin bestu vaxtarskilyrði, en vextir af peningum ekki. Nóg er að skoða afskriftir bankanna á síðustu árum. Verði þær dregnar upp á borðið og sundurliðaðar mun margt sérkennilegt koma í ljós. En af viðbrögðum formanns Al´þýðubandalagsins og óháðra við ábendingu Davíðs Oddssonar um tap af Þjóðviljanum sáluga að dæma eru litlar líkur til þess að siðbótarmenn á Alþingi séu tilbúnir enn. Að minnsta kosti munu margir ekki hafa áhuga á því að allt sjáist í þeim efnum.

Í ljósi þessara viðbragða sem kannski voru eðlileg er forvitnilegt að nú skuli Guðmundur Árni Stefánsson alþingismaður Alþýðuflokks krefja Íslandsbanka um svör við spurningum um laxveiði og risnu. Ekkert er óeðlilegt við það að hluthafi spyrji. En aðalfundur bankans sem opinn er öllum hluthöfum er nýafstaðinn. Þar var rétti vettvangurinn. Kannski er vandamálið það, að alþingismenn hafa fram til þessa dags haft lítinn áhuga á arðsemi Landsbanka Íslands. Ekki stóð á fjárframlögum úr ríkissjóði í þúsunda milljónavís á síðustu árum. Þá var ekki spurt. Nú ríkja ný viðhorf. Þeim er svo sannarlega fagnað. Einnig er fagnað áhuga alþingismanna á umbótum í stjórnsýslunni. En það umræðuefni ber æ oftar á góma þeirra.

Landsbankastjóri

Hinn nýráðni Landsbankastjóri, sem væntanlega verður einn til ábyrgðar, lofar góðu. Fyrir utan það að hafa ekki áhuga á laxveiði á hann góðan feril að baki. Halldór Jón Kristjánsson er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og með framhaldsmenntun í alþjóðarétti frá New York, starfreynslu í Iðnaðarráðuneytinu frá 1982 auk starfs sem aðstoðarbankastjóri við fjárfestingabanka í London, Evrópubankann, í fjögur ár. Einnig hefur hann starfað í ýmsum nefndum á vegum iðnaðarráðuneytisins auk þess að hafa undirbúið breytingu viðskiptabanka ríkisins í hlutafélagabanka. Þá hefur hann gegnt starfi ráðuneytisstjóra í Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Hann þarf greinilega ekki að veiða lax til að geta rætt við erlenda viðskiptavini Landsbanka Íslands. Til þess hefur hann alla burði af eigin rammleik. Honum fylgja bestu óskir um velgengni í nýju starfi. Einnig er Landsbankanum og starfsfólki hans óskað velfarnaðar á tímum nýrra viðhorfa.

Nú vantar ekkert nema ríkissjóður deili út hlutabréfum í bankanum til landsmanna svo þeir megi góðs af njóta. Vonandi geldur laxveiði landsmanna ekki ófara bankans.

Stakkur.

Ljósmyndarinn Spessi ásamt tveimur kvenhetjum, þeim Ruth Agnethe Tryggvason og Hansínu Einarsdóttur.

Tjöruhúsið í Neðstakaupstað á Ísafirði

Vestfirskar kvenhetjur

Fjölmenni var við opnun ljósmyndasýningar Spessa, Sigurþórs Hallbjörnssonar, í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði á Skírdag. Þema sýningarinnar eru vestfirskar hetjur og eru konur í aðalhlutverkunum að þessu sinni, en á sama tíma á síðasta ári sýndi Spessi myndir af vestfirskum karlhetjum á sama stað. ,,Myndröðin ,,Hetjur" er lýsandi fyrir það hvernig Spessi nálgast viðfagsefni sín. Hér er um að ræða röð svart-hvítra ljósmynda af vestfirskum konum sem standa einar fyrir framan myndavélina í sparifötum og horfa beint á áhorfandann. Uppstillingarnar hafa stundum tilvísun í stúdíó-portrett frá fyrstu áratugum aldarinnar, en eru þó fyrst og fremst til vitnis um það hvernig ljósmyndarinn getur laðað fram galdur í einföldum bakgrunni. Þótt vinnan og erfiðar aðstæður á norðlægum byggðum séu hvergi gefin beinlínis til kynna í myndunum má lesa úr svip þessara kvenna áratuga átök lífsbaráttunnar og barnauppeldis," segir í formála kynningarrits sem gefið var út í tilefni af opnun sýningarinnar.

Sýning Spessa að þessu sinni var tileinkuð ömmu hans og afa, Sigurði Sigurjónssyni og Þórdísi Árnadóttur. Ljósmyndari blaðsins var við opnunina og tók þar meðfylgjandi myndir.

Þessar tvær heiðurskonur eru á meðal kvenhetja Spessa á sýningunni í Tjöruhúsinu. F.v. Herborg Vernharðsdóttir og Messíana Marsellíusdóttir. Á myndinni er einnig Ásgeir S. Sigurðsson, eiginmaður Messíönu.

Guðmundur Guðmundsson og Leifur Pálsson létu sig ekki vanta á sýninguna.

Það gerðu heldur ekki þau Ásgeir Guðbjartsson, skipstjóri og Sigríður Brynjólfsdóttir, ein af kvehetjunum sem hér sjást ásamt dótturdóttur sinni, Guðbjörgu.

Hetjur Spessa

Guðrún Valgeirsdóttir

Björg Rögnvaldsdóttir

Magnúsína Olsen

Ruth Agnethe Tryggvason

BÍLASÝNING

laugardag og sunnudag
frá kl. 14 til 17

Nissan Patrol
verð frá
kr. 3.550.000,-

Sýnum m.a. nýja NISSAN PATROL jeppann!

Staðalbúnaður
í Subaru Legacy
er ABS bremsur
og loftpúðar

Opel Vectra
verð frá kr. 1.585.000,-

Bílasalan
Ísafjarðarflugvelli

Sími: 456 4712

KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Til leigu er 2ja herbergja íbúð, eldhús, þvottahús og sérinngangur. Upplýsingar í síma 456 3678.

Ég er 12 ára stelpa sem langar til að **passa barn** á aldrinum 1-2 ára. Upplýsingar gefur Sandra í síma 456 3623.

Ath! Félagar í **ljósmyndaklúbbnum**. Hittumst í Edinborg á sunnudag kl. 17.

Tilboð óskast í húseignina að Hjallavegi 4 á Ísafirði. Gott hús á góðum stað. Mjög gott útsýni. Upplýsingar veita Guðmundur og Þorgerður í síma 456 3107 eftir kl. 19.

Ég er 10 ára stelpa sem langar til að **passa barn** á aldrinum 1-2 ára. Upplýsingar gefur Guðbjörg í síma 456 4482.

Til sölu er 16,5 kw**hitatúpa** og Silver Cross barnavagn. Uppl. í síma 456 4430.

Til sölu er **Subaru station** árg. 1988, ekinn 185 þús. km. Er í góðu standi. Upplýsingar í síma 456 5269.

Tapað! Ég tapaði lyklakippu í Bolungarvík með billyklum af Chevrolet. Finnandi vinsamlegast hafið samband í síma 456 7309 og 895 7109.

Aðalfundur Kvenfélags Ísafjarðarkirkju verður haldinn í safnaðarheimili kirkjunnar laugardaginn 18. apríl kl. 12:00. Fundurinn hefst með helgistund hjá sr. Magnúsi Erlingssyni, en síðan verða venjuleg aðalfundarstörf. Á fundinum verður boðið upp á súpu og brauð gegn vægu gjaldi. Nýjar félagskonur eru velkomnar. Stjórnin.

Spilavist verður í Sjallanum síðasta vetrardag, miðvikudaginn 23. apríl kl. 20:30. Sjálfstæðiskvennafélagið.

Til sölu er vel með farinn **Silver Cross** barnavagn. Upplýsingar í síma 456 3372.

Til sölu er **Lada Sport** árg. 1987. Skoðaður 99. Verð kr. 65 þús. Upplýsingar í síma 456 5902.

Atvinna óskast! Mig vantar vinnu eftir kl. 17 á daginn t.d. við skúringar 2-3 í viku í Bolungarvík. Upplýsingar gefur Gunna Jóns í síma 456 7357.

Til sölu er **386 tölva** með hljóðkorti, auka vinnsluminni og litaprentara. Upplýsingar í síma 456 3421 eftir kl. 19.

Til sölu er einbýlishúsið að Holtabrún 5 í Bolungarvík. Húsið er 135 m² ásamt bílskúr. Upplýsingar í síma 456 7449.

Til sölu er **Yamaha Ventura** vélsleði árg. 1991, ekinn 4.300 km. Verð kr. 380 þús. Upplýsingar í símum 899 3965 og 456 4712.

Til leigu er 210 m² raðhús á Ísafirði. Leigist frá miðjum júní. Upplýsingar í síma 567 8121.

Vegna flutnings er til sölu stofuglerskápur úr lútaðri furu á kr. 23.000., kostar nýr 39.000., fataskápur úr lútaðri furu á kr. 20.000., kostar nýr 35.000, Siemens ísskápur á kr. 30.000., kostar nýr 72.000. Allir hlutirnir eru u.þ.b. eins árs. Upplýsingar í síma 456 5308.

Vantar **reiðhjól** fyrir 4ra ára strák og annað fyrir 6 ára stelpu, ókeypis eða fyrir lítinn pening. Upplýsingar í síma 456 3835.

Til sölu er **fellihýsi** árg. 95, gaseldavél, miðstöð, skápar, fortjald og svefnpokapláss fyrir 6-7 manns. Upplýsingar í síma 456 7339.

Óska eftir barna **rimlarúmi**. Upplýsingar í símum 456 6263 eða 456 6160.

Til sölu er **MMC Colt** árg. 86. Þarfnast viðgerðar. Upplýsingar í símum 551 3398 og 456 3803.

Öll verk Beethovens flutt á tvennum tónleikum

Beethovenveisla á Ísafirði

Um komandi helgi verður sannkölluð Beethovenveisla í sal Frímúrara á Ísafirði, en þá verða flutt öll verk sem Ludwig Van Beethoven samdi fyrir selló og píanó og eru sum þeirra meðal fegurstu verka tónskáldsins.

Flytjendur á tónleikunum eru þeir Daníel Þorsteinsson píanóleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari. Verkin taka um þrjár klukkustundir í flutningi og verður skipt á tvenna tónleika. Fyrri tónleikarnir verða kl. 17 laugardaginn 18. apríl og þeir síðari á sama tíma daginn eftir.

Sigurður og Daníel eru báðir fæddir árið 1963 og hafa fyrir löngu raðað sér í fremstu röð íslenskra tónlistarmanna. Sigurður stundaði framhaldsnám í London, en Daníel í Amsterdam, en langt er síðan samstarf þeirra hófst og hafa þeir haldið fjölmarga tónleika saman, bæði hér heima og erlendis. Þeir hafa tvisvar áður haldið tónleika á Ísafirði við góðar undirtektir, árin 1990 og 1992. Á tónleikunum verða fluttar fimm sónötur fyrir píanó og selló, en auk þess þrjú verk sem eru tilbrigði, byggð á vel þekktum stefjum eftir Mozart og Handel.

Tónleikarnir um helgina eru þriðju áskriftartónleikar Tónlistarfélags Ísafjarðar á þessu starfsári og gilda sem einir tónleikar. Aðgöngumiðar eru seldir við innganginn og er aðgangseyrir að öðrum tónleikunum kr. 1.000 og kr. 1.500 að báðum. Nemendur skólans, 20 ára og yngri fá ókeypis aðgang eins og að öðrum tónleikum félagsins.

Ludwig Van Beethoven.

Ísfirðingur skrifar um sóðaskapinn á Ísafirði

Hvað ungur nemur, gamall temur

Með þessum skrifum langar mig að velta upp þeirri spurningu hvort Ísafjörður sé sóðalegur bær. Ef ég væri spurður þessarar spurningar, myndi ég svara játandi, því miður. En af hverju? Fyrst og fremst vegna umgengishátta okkar bæjarbúa og ekki síst vegna þeirrar staðreyndar að flestir þeir unglingar sem rúnta á bílum um bæinn á öllum tímum sólarhringsins og ekki síst á matmálstímum, henda umbúðum utan af allskonar drykkjum, sem og bréfum utan af pylsum og sælgæti, út um glugga bifreiða sinna og skiptir engu máli hvar þeir eru staddir.

Þeir henda jafnvel rusli framan við sjúkrahúsið en þar rigndi rusli út úr gulri bifreið í hádeginu þann 30. apríl sl. En þetta er ekki allt. Segja má að ljótasti lösturinn sé sá að fullorðið fólk framkvæmir einnig slíkan sóðaskap. Nú þegar fer að vora og sól hækkar á lofti, eykst umferð gangandi fólks um götur bæjarins og ekki síst um hið nýja torg, sem býður upp á margt skemmtilegt í góðu veðri. En hvern langar að spóka sig um torgið, vaðandi í rusli og glerbrotum eða að lofa smákrökkum að hlaupa um og tína bréf utan af sælgæti til þess að kanna hvort eitthvað sé eftir eða jafnvel stinga upp í sig kókómjólkfernu sem fleygt hefur verið á götuna?

Hægt væri að nefna fleiri svæði þar sem fólk kemur saman og sóðaskapur er fyrir hendi s.s. fyrir framan íþróttahúsið, sjoppur, verslanir, bíóið og fleiri staði. Með þessum skrifum mínum, vona ég að fólk á öllum aldri, ekki síst þeir sem rúnta um bæinn á bílum, hugsi sig um áður en þeir kasta frá sér rusli. Notið heldur rusaföturnar í bænum, sem að vísu mættu vera fleiri, eða setjið ruslið í plastpoka og geymið þar til hægt er að setja það í ruslatunnu. Látum ekki gesti sem koma í heimsókn til bæjarins, fara aftur með þá hugsun, til að segja frá síðar, að Ísafjörður sé sóðalegur bær, sem hafi lítið upp á bjóða nema að vera stökkpallur fyrir ferðafólk á leið norður á Strandir.

Tökum höndum saman og gerum bæinn okkar að þrifalegum og fallegum bæ. Bæ sem fólk vill heimsækja aftur og aftur. Þessum orðum vil ég ekki síst beina til þeirra sem stjórna bænum. Takið frumkvæðið, bæði í orði og verki, því eins og máltækið segir: Eftir höfðinu dansa limirnir. Að endingu vil ég beina því til allra „rúntara" í bænum, að nota ekki planið fyrir framan sjúkrahúsið til að snúa við. Mér finnst að jafnvel mætti gefa hverjum ökumanni sem slíkt gerir, punkt í ökuferilsskrána, honum til vansa.

-Ísfirðingur.

Horfur á föstudag:
Suðlæg átt, gola eða kaldi og rigning víðast hvar. Hiti 2-7 stig.

Horfur á laugardag:
Suðaustan og síðan austan kaldi eða stinningskaldi. Skúrir sunnanlands en annars skýjað með köflum. Áfram fremur milt í veðri.

Á sunnudag, mánudag og þriðjudag:
Norðaustlæg átt eða austlæg átt og áfram vætusamt og fremur milt veður.

Grenipanell
12x87 mm
Kúpt vatnsklæðning
Plastlagðar borðplötur
með ávölum kanti
Hvítt hilluefni
hrjúft og slétt 16 og 18 mm
Hagstætt verð

AGÚST & FLOSI ehf
BYGGINGAVERKTAKAR

Árnagötu 3
Ísafirði
Sími 456 5500
Fax 456 5501

HELGAR sjónvarpið

FIMMTUDAGUR

09.00 Línurnar í lag
09.15 Sjónvarpsmarkaður
13.00 Krydd í tilveruna (e)
14.35 Sjónvarpsmarkaðurinn
15.05 Oprah Winfrey (e)
16.00 Eruð þið myrkfælin?
16.25 Guffi og félagar
16.50 Með afa
17.40 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Ljósbrot (25:33)
20.30 Úrslitakeppni DHL-deildar
21.30 Ástarórar (4:5)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Wycliffe (7:7)
23.45 M. Butterfly (e)
01.25 Krydd í tilveruna (e)
02.55 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR

09.00 Línurnar í lag
09.15 Sjónvarpsmarkaður
13.00 Wycliffe (7:7) (e)
13.50 Læknalíf (3:14) (e)
14.45 Sjónvarpsmarkaðurinn
15.10 NBA tilþrif
15.35 Ellen (18:25) (e)
16.00 Skot og mark
16.25 Guffi og félagar
16.50 Jói ánamaðkur
17.15 Glæstar vonir
17.35 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Ljósbrot (25:33) (e)
18.30 Punktur.is (7:10)
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Hættulegt hugarfar (6:17)
20.55 Klikkaði prófessorinn
(The Nutty Professor)
Klikkaði prófessorinn er gamanmynd eins og gamanmyndir eiga að vera. Sagan segir frá Dr. Sherman Klump, góðlegum og bráðgáfuðum efnafræðiprófessor sem er aðeins of hnellinn. Carla Purty er nýr kennari við háskólann og þegar hann kynnist henni grípur hann til örþrifaráða til að verða grannur og spengilegur. Hann hefur fundið upp lyf sem hjálpar honum að grennast en hann verður ekki bara grannur.
22.40 Auga fyrir auga
(Eye For An Eye)
Karen er hamingjusamlega gift kona, á tvö börn og er í góðri vinnu. Hún lifir nokkuð venjulegu lífi og henni líður mjög vel. En einn góðan veðurdag ræðst ókunnugur byssumaður inn á heimilið og skýtur dóttur hennar. Þá fer af stað atburðarás sem gengur lengra en Karen hefði getað ímyndað sér í upphafi.
00.35 Í loft upp (e)
(Blown Away)
02.35 Við rætur eldfjallsins (e)
(Under the Volcano)
04.25 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR

09.00 Með afa
09.50 Smásögur
10.05 Bíbí og félagar
11.00 Ævintýri á eyðieyju
11.30 Dýraríkið
12.00 Beint í mark með VISA
12.30 NBA molar
12.55 Sjónvarpsmarkaðurinn
13.15 Andrés önd og Mikki mús
13.45 Enski boltinn
16.00 Litli snillingurinn (e)
17.50 Glæstar vonir
18.10 Oprah Winfrey
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Simpson-fjölskyldan (10:24)
20.30 Bræðrabönd (1:22)
21.00 Fyrstir með fréttirnar
(The Front Page)
22.50 Flóttinn frá Los Angeles
(Escape from L.A.)
00.30 Bölvun drekans (e)
03.30 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR

09.00 Sesam opnist þú
09.30 Tímon, Púmba og félagar
09.50 Andrés Önd og gengið
10.15 Svalur og Valur
10.40 Andinn í flöskunni
11.05 Ævintýrabækur Enid Blyton
11.35 Madison (29:39) (e)
12.00 Húsið á sléttunni (18:22)
12.45 Viðskiptavikan (8:20) (e)
13.00 Íþróttir á sunnudegi
16.00 Úrslitakeppni DHL-deildar
17.35 Glæstar vonir
18.00 Gleðistund (1:6) (e)
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.00 Ástir og átök (6:22)
20.30 Sporðaköst (2:6)
(Silungur milli sanda)
Farið er á nokkur helstu sjóbirtingsmið Íslands, þ.á m. í Grenlæk og Tungufljót. Veiðimenn í þættinum eru Hafsteinn Jóhannesson, Kolbeinn Grímsson, Ragnar Hólm Ragnarsson og Össur Skarphéðinsson.
21.05 Twister
23.00 60 mínútur
23.50 King of Marvin Gardens
01.30 Dagskrárlok

HELGAR veðrið

HELGAR sportið

FIMMTUDAGUR

13.20 Skjáleikur
16.20 Handboltakvöld
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Undrabarnið Alex (23:26)
19.00 Úr ríki náttúrunnar
19.30 Íþróttir 1/2 8
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Dagsljós
21.05 Frasier (4:24)
21.35 ...þetta helst
22.10 Saksóknarinn (9:22)
23.00 Ellefufréttir
23.20 Króm
23.45 Skjáleikur

FÖSTUDAGUR

13.45 Skjáleikur
16.45 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þytur í laufi (36:65)
18.30 Fjör á fjölbraut (21:26)
19.30 Íþróttir 1/2 8
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Dagsljós
21.10 Kavanagh lögmaður
22.30 Í leit að réttlæti
(Quest for Justice)

Sjallinn
Café - Restaurant
Bar

PIZZA 67

SÍMI 456 3367

DRAGKEPPNI VESTFJARÐA

DRAGKEPPNI VESTFJARÐA VERÐUR HALDIN Í SJALLANUM LAUGARDAGINN 18. APRÍL. AUK KEPPNINNAR VERÐUR GLÆSILEG DRAGSÝNING DROTTNINGA ÚR ICE QUEEN HÓPNUM. SÝNING SEM ENGINN MÁ MISSA AF! HÚSIÐ OPNAR KL. 20 MEÐ FORDRYKK. VEGLEG PIZZA OG PASTA-HLAÐBORÐ. MIÐAVERÐ KR. 2000. SKRÁNING KEPPENDA OG BORÐAPANTANIR Í SÍMA 456- 3985.

KRÚSIN

FÖSTUDAGUR :
DISKÓTEK - ÞETTA EINA SANNA

LAUGARDAGUR :
EINKASAMKVÆMI
HÚSIÐ OPNAR FYRIR AÐRA
DANSGESTI KL. 24
HLJÓMSVEITIN RÓS
LEIKUR FYRIR DANSI

Ísafjarðarbíó

Fjölskyldumyndin
Anastasia

Uppfull af spennu, ævintýrum, rómantík og tónlist. Myndin fjallar um Anastasiu, munaðarlausa prinsessu í leit að uppruna sínum. Á leið sinni lendir hún í miklum ævintýrum og kynnist hinum ýmsu persónum.

SÝND SUNNUDAG KL. 5
ALLRA SÍÐASTA SÝNING !

GOOD WILL HUNTING
ÞESSI ER SKO FRÁBÆR!

SÝND FIMMTUDAG, SUNNUDAG
OG MÁNUDAG KL. 9

Vídeóhöllin

er opin alla daga
kl.16-19 og 20-23.30

Leitið ekki
langt yfir skammt!

Hjá okkur er mesta
og besta úrvalið!

Vídeó Höllin
– við Norðurveg
456 4853

TV 1000 GERVIHNATTA sjónvarpið

TV2 NORGE · TV3 D+N+S · TV DANMARK · KANAL 5 SVERIGE · MTV EUROPE · DR2 DANMARK · CNN USA · NRK 2 NORGE · NRK 1 NORGE · BBC PRIME ENGLAND · CARTOON TNT - USA · CANAL+ NORGE DANMARK

00.00 Útvarpsfréttir
00.10 Skjáleikur

LAUGARDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.35 Viðskiptahornið
10.50 Þingsjá
11.15 Skjáleikur
13.10 Auglýsingatími
13.25 Þýska knattspyrnan
15.30 Íslandsmótið í handknattleik
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Dýrin tala (29:39)
18.30 Hafgúan (18:26)
18.55 Grímur og Gæsamamma
19.20 Króm
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.35 Lottó
20.45 Enn ein stöðin
21.15 Með heila á heilanum
(The Man with Two Brains)
Bandarísk gamanmynd frá 1983. Snjall skurðlæknir í ástlausu hjónabandi verður ástfanginn af kvenmannsheila í krukku og reynir að finna honum nýjar höfuðstöðvar.
22.50 Markó Póló
(Marco Polo: The Missing Chapter)
00.45 Útvarpsfréttir
00.55 Skjáleikur

SUNNUDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.55 Skjáleikur
13.10 Markaregn
14.10 Sjór og menn
(People of the Sea)
Bresk heimildarmynd um þorskveiðibannið við Nýfundnaland árið 1992 og áhrifin sem það hafði á samfélagið þar. Eyjarskeggjar hafa í auknum mæli snúið sér að ferðaþjónustu og fyrrverandi fiskimenn eru nú leiðsögumenn ferðalanga á villidýraslóðum.
15.00 Þrjúbíó
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Óskar (1:3)
19.00 Geimstöðin (19:26)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Tónlistarhús í Kópavogi
Bein útsending frá tónleikum í Gerðarsafni í Kópavogi. Margir ástælustu listamenn þjóðarinnar koma fram auk þess sem byggingin verður kynnt.
21.35 Morðæði
(Frenzy)
Bresk spennumynd frá 1972 um hremmingar manns sem er að ósekju sakaður um fjöldamorð þegar kyrkjari leikur lausum hala í London. Leikstjóri er Alfred Hitchcock og aðalhlutverk leika Jon Finch, Barry Foster, Barbara Leigh-Hunt og Anna Massey. Þýðandi: Ásthildur Sveinsdóttir.
23.30 Helgarsportið
23.50 Markaregn
Endursýning.
00.50 Útvarpsfréttir
01.00 Skjáleikur

Söluaðili gervihnattabúnaðar: Frum-Mynd, Sólgötu 11 Ísafirði, sími 456 5091

BEINAR ÚTSENDINGAR ERLENDRA SJÓNVARPSSTÖÐVA

CANAL+ GULUR

Fimmtudagur 16. apríl kl. 23:35
NHL - Ottawa Senators - Montreal
Föstudagur 17. apríl kl. 00:05
NBA - Minesota - Houston Rockets
Laugardagur 18. apríl kl. 19:05
NHL - Colorado - Detroit
Sunnudagur 19. apríl kl. 19:00
Enski boltinn

CANAL+ DANMÖRK

Föstudagur 17. apríl kl. 17:55
Laugardagur 18. apríl kl. 16:00
Þýski boltinn

TV2 - NOREGUR

Laugardagur 18. apríl kl. 13:45
Man. Utd. - Newcastle

TV 3 - SVÍÞJÓÐ

Laugardagur 18. apríl kl. 14:00
Cannes Open golf

NRK 1

Laugardagur 18. apríl kl. 14:00
Molde - Lilleström

DR2

Laugardagur 18. apríl kl. 16:00
Barcelona - Badel Zagred handbolti

TV1000

Laugardagur 18. apríl kl. 20:00
Hnefaleikar - Prins Nassem Hamed í hörkubardaga

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

Velheppnaðri skíðaviku lokið

Skíðavikunni á Ísafirði 1998 lauk á mánudag. Þrátt fyrir að mun færri hafi mætt á skíðavikuna en undanfarin ár, þótti hún takast hið besta enda veður með besta móti alla páskadagana. Sökum snjóleysis í Tungudal fór öll dagskrá fram á Seljalandsdal og var þröngt á þingi þar flesta daga. Meðfylgjandi mynd var tekin á Seljalandsdal á laugardag. Sjá einnig frétt og myndir í miðopnu.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Ísafjarðarflugvelli
Sími 456 3000
Flug:
Ísafjörður - Reykjavík
Reykjavík - Ísafjörður
frá kr. 7.630,-

KLIPPINGAR
STRÍPUR
LITANIR
Verið velkomin
HÁR & HITT
Hárgreiðslustofa
Pollgötu 4 Ísafirði Sími 456 5191

Finnbogi Bernódusson í Vélsmiðjunni Mjölni í Bolungarvík og fleiri

Kaupa tæplega 2000 tonna frystiskip frá Riga í Lettlandi

Finnbogi Bernódusson, framkvæmdastjóri Vélsmiðjunnar Mjölnis hf., í Bolungarvík hefur ásamt nokkrum öðrum einstaklingum, gengið frá kaupum á tæplega 2.000 tonna frystiskipi frá Riga í Lettlandi. Viljayfirlýsing fyrir kaupunum var undirrituð í Lettlandi á föstudaginn langa og er gert ráð fyrir að skipið verði endanlega komið í eigu Finnboga og félaga í dag, fimmtudag.

Með skipinu fylgja veiðiheimildir á Flæmska hattinum sem og á Reykjaneshrygg og víðar.

„Það er rétt að ég og nokkrir aðrir einstaklingar höfum undirritað viljayfirlýsingu um kaup á frystitogara frá Riga í Lettlandi. Togarinn sem heitir Milgravis, er 62,5 metrar að lengd og 14 metra breiður, samtals um 1.950 brúttótonn. Það hefur ekki verið stofnað félag um kaupin en það er verið að vinna í þeim málum. Skipið hefur veiðiheimildir á Flæmska hattinum sem og á Reykjaneshrygg auk þess sem ýmislegt annað er í farvatninu," sagði Finnbogi Bernódusson í samtali við blaðið. Hann sagði skipið fara í slipp á næstu dögum og ef allt gengi eftir, kæmi það til Vestfjarða um mánaðarmótin maí-júní. Þá verður hafist handa við að breyta skipinu í fullkomið rækjuvinnsluskip og verður sú vinna alfarið í höndum fyrirtækja við Ísafjarðardjúp.

Milgravis, er eitt af nýjustu skipum Lettlendinga af þessari gerð og hefur undanfarið verið að veiðum á suðlægum slóðum. Ráðgert er að skipið verði gert út frá Lettlandi. „Skipið gæti þurft að vera undir fána einhvers annars lands um tíma en það fer allt eftir því hvað við tökum mikið af þeim veiðiheimildum sem okkur stenda til boða. Áhöfnin verður að stærstum hluta skipuð Lettlendingum, en hugmyndir eru uppi um að fyrsti skipstjóri verði íslenskur og jafnvel tveir vinnslustjórar," sagði Finnbogi. Aðspurður um hvort skipið héldi sama nafni, sagðist Finnbogi langa til að skýra það íslensku nafni og þá einhverju stuttu. „En það er ljóst að skipið verður grænt og hvítt á litinn, fallega grænt."

Finnbogi sagði hann og félaga sína, sem hann vildi ekki greina frá að svo stöddu hverjir væru, hafa verið að skoða skipakaup frá miðju síðasta ári. Þeir hefðu farið víða og skoðað skip og niðurstaðan hefði verið sú að fjárfesta í umræddu frystiskipi frá Lettlandi. Hann kvað ekki fleiri skipakaup á döfinni, fyrst yrði að sjá hvernig rekstrinn gengi á þessu skipi. „Við erum fyrst og fremst að horfa til þess að komast inn í verkefni í Lettlandi og fleiri Eystrasaltslöndum, verkefni sem við gætum unnið hér heima. Þá erum við fyrst og fremst að horfa til viðhalds og nýsmíði á skipum. Við hér við Ísafjarðardjúp höfum mikla þekkingu í þessum geira atvinnulífsins og vonir okkar standa til að geta fengið verkefni hingað heim. Það er áhugi í Lettlandi fyrir viðskiptum við okkur og við verðum þar við vinnu í sumar," sagði Finnbogi. Kaupverð skipsins fékkst ekki uppgefið.

1978-1998
Afsláttur
kr. 5000,-
fyrir 20. apríl
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

2
97·9 BYLGJAN ÍSAFIRÐI
Fréttaritari á Ísafirði
Símar: 456 5252 • 854 8822
894 8822 • Boðtæki 842 0578
Umboðsaðili
Þjónusta & áskrift
Sími: 456 4594
Fax: 456 4592
PÓLLINN HF.

Munið fermingartilboðin!
Snyrtihús Sóleyjar
Hafnarstræti 9 • Ísafirði
Konur!
Kynnið ykkur nýja ilminn
frá Calvin Klein